



ORKUSTOFNUN

komudagur 24.3.2000

Alþingi
Erindi nr. þ 125/1238

Grensásvegur 9 Sími - 569 6000
108 REYKJAVÍK Fax - 568 8896
os@os.is http://www.os.is

Alþingi,
Umhverfisnefnd Alþingis
Þórshamri
v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. mars 2000
Tilvísun: 2000030007
Bréfalykill: 50.17

Efni: Lagafrumvarp um mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til viðtals undirritaðs og Hákonar Aðalsteinssonar við háttvirta umhverfisnefnd 22. mars sl. Í ljósi viðræðna á umræddum fundi vill Orkustofnun með bréfi þessu auka og skerpa umsögn sína dags. 20. mars sl. Leyfir stofnunin sér að leggja nú til eftirtaldar breytingar á frumvarpinu um mat á umhverfisáhrifum.

I.

Í 1. viðauka frumvarpsins eru taldar upp þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Orkustofnun leggur til að eftirfarandi breyting verði gerð:

Liður 2. í 1. viðauka orðist þannig:

2. i. Öll orkuver með 10 MW uppsett rafafli eða meira.
- ii. Jarðvarmavirkjanir og önnur varmaorkuver með 50 MW uppsett varmaafli eða meira.

Skýringar:

1. Eindregið er lagt til að í lagatexta verði frekar miðað við hugtakið "uppsett afl" en hugtakið "hráorka". Ekki er samstaða um hvaða viðmiðunarhitastig skuli nota við ákvörðun á hrávarma og vegna þess getur hæglega komið upp ágreiningur um þröskuld, ef textinn miðast við hrávarma.
2. Eðlilegt er að miða við sömu stærð raforkuvera, óháð því hvaða frumorkugjafi er nýttur við vinnslu raforku. Þess vegna er lagt til að í i-lið séu almenn stærðarmörk fyrir öll orkuver.
3. Við mat á mörkum á uppsettu varmaafli er tekið mið af orkuverum sem samnýta jarðhita til raforku- og varmavinnslu. Þar sem slíkar stöðvar eru reknar er hlutfallið á milli uppsetts rafafli og varmaafli 1:5 (Nesjavellir 60 MW rafafli og 300 MW varmaafli; Svartsengi 30 MW rafafli og 150 MW varmaafli í Orkuveri V). Ef mörkin eru sett við 10 MW uppsett rafafli er samsvarandi uppsett varmaafli 50 MW því eðlileg hliðstæða.
4. Ekki er ástæða til að vera með sérstök ákvæði um rannsóknarholur og/eða vinnsluholur í tengslum við jarðvarmaver frekar en að sérákvæði séu í 1. viðauka um fylgimannvirki vatnsorkuvirkjana, svo sem skurði, gögn, stíflur o.s.frv. Því er lagt til að ákvæði um borholur, sem kynnu að vera boraðar án beinna tengsla við ákveðið orkuver, færist úr 1. viðauka í 2. viðauka.
5. Að auki má benda á að lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu (nr. 57/1998) taka á borholum í rannsóknarskyni. Í 5. gr. þeirra laga er fjallað um veitingu rannsóknarleyfis en þar segir í 3. mgr.: *Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar og umhverfisráðuneytis.* Svipuð ákvæði eru um veitingu nýtingaleyfa en í 3. mgr. 6. gr. laganna segir: *Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar, umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarstjórnar.*

Í umsögn umhverfisráðuneytis getur því komið fram hvort ráðuneytið telji að fyrirhugaðar rannsóknar- og/eða vinnsluholur skuli sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt viðauka 2 í þessu frumvarpi (að gerðum þeim breytingum sem hér eru lagðar til).

II.

Í 2. viðauka frumvarpsins eru taldar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þar sem meta skal í hverju tilviki hvort framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Orkustofnun leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

Liður 2. c. i verði þannig:

Djúpborun, einkum:

i. borun eftir jarðhita, m.a. þar sem ölkeldur, laugar eða hverir eru á yfirborði,

Skýringar:


1. Breytingin felst í því að láta töluliðinn ná til allra djúpborana eftir jarðhita og er það í samræmi við fyrri breytingu á 1. viðauka.

Liður 3. a. í 2. viðauka verði þannig:

a. Vatnsorku- og jarðvarmaver með meira en 500 kW uppsett rafafli og/eða varmaorkuver eða iðjuver með meira en 2.500 kW uppsett varmaafli.

Skýringar:

1. Hlutfall á milli uppsetts rafafls og varmaafls er það sama og notað er vegna liðs 2 í 1. viðauka. Rökin fyrir því að hverfa frá viðmiðun við "hráorku" eru og þau sömu.
2. Talið er eðlilegt að miða lægri mörk raforkuvera við 500kW frekar en við 100kW eins og stendur í frumvarpinu. Með þeirri breytingu er samræmi á milli uppsetts rafafls og varmaafls.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri